

## Reglur

um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtala  
skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

### 1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar,- íþróttar,- æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### 2. gr.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) eru fasteignaeigendur í Dalabyggð
- b) reka starfsemi sína í húsnæðinu sbr. 1. gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr.
- c) starfsemin skal vera á sviði menningar, íþróttar, tómstunda eða mannúðarstarfa og/eða góðgerðarmála sem er rekin í almannabágu eða í þágu æskulýðs
- d) um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu að vera unnin í sjálfböðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið
- e) njóti starfsemin annarra rekstrarstyrkja frá Dalabyggð eða ígildi þeirra skal tekið tillit til þess við úthlutun styrkja til greiðslu fasteignaskatts
- f) starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins ef þær tekjur eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins, sbr. þó 3. gr. reglna þessara

### 3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að álöðum fasteignaskatti.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði og skal þá leggja og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

Umsóknarfrestur um stuðning er til með 1. maí ár hvert nema annað sé ákveðið. Auglýsa skal styrkina á heimasíðu Dalabyggðar í febrúar og mars þannig að tímafrestur sé til staðar fyrir félög og félagasamtök.

### 4. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að fela sveitarstjóra fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglum þessum, sveitarstjóra er heimilt að vísa álitamála til sveitarstjórnar. Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

### 5. gr.

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu Dalabyggðar. Með umsókn um styrki skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, lög félagsins þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemina.

### 6. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar endurskoðar þessar reglur í desember ár hvert.

Þannig samþykkt á 233. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 13. apríl 2023